



190. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 27. okt. 2016 kl. 09:30.

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir (mætti sem gestur), Haraldur Eiríksson, Hilmar Björgvinsson (varamaður Jóns Hjartar), Jóhann Böðvar Sigbórsson (fulltrúi foreldra), Jón Hjartarson (boðaði forföll), Jón G. Valgeirsson, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara), Olga Lísa Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigþrúður Jónsdóttir (tengdist á Skype), Sigþór Constantin Jóhannsson (fulltrúi nemenda) og Þórarinn Ingólfsson.

Sandra D. Gunnarsdóttir formaður skólanefndar setti fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 189. fundar var samþykkt án athugasemda.

2. Rekstrarstaða skólans - HE

Haraldur greindi frá því að breytinga væri að vænta í áætlanagerð í tengslum við fjármálin. Rekstrarstaða skólans er nokkuð góð. Ákveðnir rekstarliðir koma út í mínus, en aðrir koma út í plús. Vísbending er í þá átt að rekstraráætlun standist nokkuð vel. Ákveðin óvissa tengist nemendafjölda og greiðslu vegna þeirra. Skólanefndarmenn fagna því að staðan sé jákvæð.

3. Bragi – umsjónarkerfi skólans – GG

Guðfinna Gunnarsdóttir mætti sem gestur á fundinn og útskýrði „Braga“ umsjónarkerfi FSu. Allir nýnemar eru settir í „Braga“. Nemendur í hópnum hittast einu sinni í viku og eru saman í hópi í þrjár annir. Fjölbreytilegt starf er í gangi hjá hópunum en mikil áhersla er á námsval og skipulag náms. Eldri nemendur (mentorar) eru til stuðnings á fyrstu önninni (tveir á hvern hóp á fyrstu önninni). Komið hefur í ljós að mentorar hafa verið ánægðir með þetta verkefni. Kennarar fylgja sínum hópi og kom fram í máli Guðfinnu að þetta sé öðruvísi kennsla en hefðbundin kennsla í námsgreinum.

4. Nýbygging FSu – staða mála – OLG

Olga Lísa sagði frá stöðu mála í nýbyggingunni í mjög grófum dráttum. Unnið er á fullu í því að ljúka gamla hluta Hamars, ganga frá planinu úti og klæðningu utan á húsið. Ljóst er að örlítil seinkun hefur orðið á byggingunni og afhendingu hennar. Gólfíð á torginu (listaverkið) verður lagað í jólafríinu. Búnaður er smám saman að koma inn. Fjárlaganefnd hefur lagt til að 66 milljónir aukalega verði lagðar frá ríkinu í búnað. Unnið er áfram að búnaðarkaupum og viðræðum við fyrirtæki um stuðning.

5. Önnur mál:

A. Áherslur skólanefndar í vetur

Lagt til að málþing komi sem dagskrárliður inn á næsta fund skólanefndar.

B. Bréf frá skólanefnd MK

Lagt var fram bréf frá skólanefnd MK þar sem óskað er eftir að skólanefndir framhaldsskólanna standi saman að umræðu um fjárframlög til framhaldsskólanna. Ákveðið að Sandra, formaður skólanefndar, svari skólanefnd MK á þeim nótum að við séum tilbúin til samstarfs.

C. Heimavist

Í umræðunni kom fram að það eru aðeins 3 nemendur sem leigja pláss í íbúðinni á Eyravegi 15, óljóst er hvort það verði fleiri sem koma inn eftir áramót. Íbúðin sem skólinn leigir tekur 8 nemendur í 5 herbergjum. Skólanefndarmenn eru á því að halda þurfi áfram að vinna að þessum málum.

Næsti fundur er fyrirhugaður 8. desember kl. 09:30.

Fundi slitið kl. 11:00
Fundarritari,
Þórarinn Ingólfsson